

## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1239/2011 um stjórn veiða íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 2012.

#### 1. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við veiðarnar skal makrílafli ekki fara yfir 25% af heildarafla hvers skips fyrir tímabilið 29. ágúst til og með 31. desember 2012, sem dregst frá aflaheimild skipsins skv. reglugerð nr. 329/2012 um stjórn makrílveiða íslenskra fiskiskipa árið 2012.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 28. ágúst 2012.*

F. h. r.

**Jóhann Guðmundsson.**

\_\_\_\_\_  
*Arnór Snæbjörnsson.*